

## Blábankinn - nýsköpunar og samfélagsmiðstöð á Þingeyri

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar  
BT/ Bryndísar Ósk Jónsdóttur  
Bæjarritara Ísafjarðarbæjar

Þingeyri, 24. apríl 2021

Háttvirta bæjarráð,

Stjórn Blábankans leggur til að Ísafjarðarbær endurnýi samstarfssamning sinn við Blábankann og fjárfesti í rekstrinum árlega 3,75 m.kr. næstu þrjú árin, 2022-2024.

Blábankinn er sjálfseignarstofnun sem sett var á laggirnar með samstarfi einkaaðila, ríkis og Ísafjarðarbæjar árið 2017 til að styðja við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á Þingeyri. Þetta tilraunaverkefni hefur gengið vel, mörg ný verkefni hafa orðið til, aðstæður til atvinnu hafa breyst og Blábankinn er orðin fyrirmynd fyrir samfélagsmiðstöðvar í fámennum byggðum víða um Vestfirði og um allt land.

Á þessu ári rennur út upphaflegi samstarfssamningur Blábankans við Ísafjarðarbæ og eins samningur við Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Stjórn Blábankans telur nauðsynlegt að fá úr skorið um áframhaldandi rekstrarforsendur Blábankans fyrir mitt þetta ár og leggur til að áfram verði samstarf einkaaðila, sveitarfélagsins og ríkis um reksturinn. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður eru 15 m.kr. og er lagt upp með að sveitafélagið og ríkið fjármagni helminginn af rekstrarfé Blábankans á móti einkaaðilum. Þannig myndi Ísafjarðarbær leggja rekstrinum til árlega 3,75 m.kr. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti 3,75 m.kr og einkaaðilar tryggja allt að 7 m.kr. Árlega. Stór nýsköpunarverkefni, s.s. Startup Westfjörds verði áfram fjármögnuð hvert fyrir sig.

Forsendurnar fyrir því að Ísafjarðarbær styðji sérstaklega við Blábankinn er að reksturinn hefur verið árangursríkur hingað til og hann er fyrirmynd fyrir samfélags og nýsköpunarmiðstöðvar í litlum þorpum um allt land. Blábankinn er nú þegar notaður sem fyrirmynd í fjölmörgum smáum stöðum á Vestfjörðum. Þetta er mikilvægt frumkvæðisverkefni um byggðapróun og samstarf ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Við viljum halda áfram að þróa Blábankann sem þessa fyrirmynd. Það mun skapa verðmæta þekkingu fyrir sveitafélagið í þeirri umbyltingu í byggðapróun sem mun þurfa að eiga sér stað á næstu árum.

Fjármögnun Blábankans þarf að vera tryggð fyrir lok maí og því er það ósk okkar er að fá að mæta á fund bæjarráðs Ísafjarðar sem fyrst til að kynna þetta betur.

F.h. Blábankans



---

Ketill Berg Magnússon, stjórnarformaður